

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun
sýningarinnar „Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu“.
Haldið í Landsbókasafni Íslands – háskólabókasafni föstudaginn 14. maí
2024 kl. 15**

Góðir gestir. Ég býð ykkur öll innilega velkomin á opnun sýningarinnar „Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu“ hér í Þjóðarbókhöðunni.

Sýningin byggir á samnefndri bók eftir Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, sem Sögufélagið gaf út árið 2023 og hlotið hefur mikla athygli og verðskuldaða viðurkenningu. Hún hefur verið tilnefnd til Fjöruverðlaunanna 2023, Viðurkenningar Hagþenkis 2023 og FÍT verðlaunanna 2024 en hún hlaut Bókasalaverðlaunin 2023 í flokki fræðibóka, handbóka og ævisagna.

Anna Lís Rúnarsdóttir, mannfræðingur, er ritstjóri bókarinnar og eru hún og Kristín Loftsdóttir höfundar þessarar sýningar.

Viðfangsefni bókarinnar og sýningarinnar er lítið brjóstmyndasafn á Kanaríeyjum þar sem er að finna afsteypur af fólki frá ólíkum stöðum heimsins sem gerðar voru á 19. öld. Rannsókn Kristínar nær til Kanaríeyja, meginlands Spánar og Frakklands og snýr að þverþjóðlegum tengslum sem urðu til í gegnum kynþáttahugmyndir. Rannsóknin á brjóstmyndasafninu á Kanaríeyjum er hluti af rannsóknarverkefninu „Evrópa, hreyfanleiki og fordómar“ (e. Creating Europe through Racialized Mobilities – CERM), en það fjallar um mismunandi hliðar hreyfanleika og óhreyfanleika í Evrópu, sérstaklega með hliðsjón af kynþáttahyggju og tengslum fortíðar og nútíðar

í arfleifð heimsvaldastefnunnar. Sýningin og bókin draga skýrt fram hversu samtengdur heimurinn var orðinn þegar á 19. öld. Út frá þessu víða sögulega sjónarhorni er jafnframt beint sjónum að persónulegum sögum einstaklinganna sem brjóstmyndirnar eru gerðar eftir eins og mér skilst að við fáum að sjá brot af á þessari sýningu. Þessi mannfræðilega skoðun á þróun kynþáttafordóma á 19. öld á sannarlega erindi við samtíma okkar með öllum þeim stóru og flóknu félagslegu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir. Þannig er sýningunni ætlað að vera fræðandi innlegg og höfða til víðs hóps sýningargesta. Í þessu skyni hafa sýningarflekarnir, sem eru á íslensku, verið þýddir á ensku, spænsku, frönsku, og pólsku og nota sýningargestir QR kóða til að nálgast þessi tungumál. Sama máli gegnir um bókina sem leitast eftir að ná út fyrir þröngan fræðilegan hóp, því þótt hún sé ritrýnt fræðiverk er hún rituð á aðgengilegu máli til þess að ná til fjölbreytts lesandahóps. Þetta er sannarlega í samræmi við stefnu Háskóla Íslands um að gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi og vera virkur þátttakandi í lýðræðislegri og upplýstri samfélagsumræðu á Íslandi.

Þá er það fagnaðarefni að sýningin er unnin í samstarfi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands – háskólabókasafns, en þessar tvær stofnanir hafa ætíð átt mjög gott samstarf.

Góðir gestir, ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar og segi sýninguna „Andlit til sýnis: Íslendingar og aðrir á Kanarísafninu“ setta. Ég óska okkur öllum til hamingju og þakka sérstaklega þeim Kristínu Loftsdóttur og Önnu Lísu Rúnarsdóttur fyrir þeirra framlag til að gera þessa sýningu að veruleika.

Takk fyrir.

